




Okkar hlutverk er að leysa krafta úr læðingi

Lykillinn að bættem lífsgæðum og fleiri tækifærum er að hugvitið verði stærsta útflutningsgrein þjóðarinnar

Framsækið skipurit háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunar-ráðuneytisins ber það með sér að ráðuneytið ætlar sér að leiða saman það afl sem býr í háskólum, vísindum, nýsköpun, iðnaði, fjarskiptum og upplýsingatækni.

Við leitum að afburða einstaklingum sem búa yfir öllum þeim mannkostum sem þrýtt geta farsæla stjórnendur auk yfirgripsmikillar reynslu og þekkingar. Það er ekki beðið um lítið!




Skrifstofustjóri stefnumörkunar

skal búa yfir leiðtogahæfileikum og krafti til að leiða nýtt verklag og leggja grunn að árangursdrifinni menningu í starfi ráðuneytisins.

Skrifstofa stefnumörkunar er m.a. í forsvari fyrir stefnumótun, fjármálaáætlun, alþjóðasamstarfi og vinnu við lagafrumvörp. Skrifstofustjóri ber faglega og stjórnunarlega ábyrgð þar á.

Umsóknarfrestur er til og með 28. febrúar.



Skrifstofustjóri framkvæmdar og eftirfylgni

skal búa yfir viðamikilli þekkingu á öllu er við kemur fjármálum auk þess sem reynsla úr stjórnsýslunni er mikils metin.

Skrifstofa framkvæmdar og eftirfylgni er kletturinn í starfi ráðuneytisins varðandi framkvæmd fjárlaga, samningagerð og samskipti við ríkisaðila og ber skrifstofustjóri faglega og stjórnunarlega ábyrgð þar á.

Umsóknarfrestur er til og með 28. febrúar.

Ráðuneytisstjóri

Ráðuneytisstjóri er fyrirliði ráðuneytisins og það er í hans verkahring að leiða starf þess og stefnumótun.

Ráðuneytisstjóri ber faglega og fjárhagslega ábyrgð gagnvart ráðherra á flestu því sem heyrir undir starfsemi ráðuneytisins.

Umsóknarfrestur er til og með 28. febrúar.

Upplýsingafulltrúi

þarf að búa yfir framúrskarandi samskiptahæfileikum, reynslu og færni til hvers konar boðmiðlunar.

Upplýsingafulltrúi starfar á skrifstofu yfirstjórnar og hér mun viðkomandi fá einstakt tækifæri til að taka þátt í mótun bæði starfsins og ráðuneytisins.

Umsóknarfrestur er til og með 20. febrúar.

Allar nánari upplýsingar um störfín, menntunar- og hæfniskröfur er að finna á starfatorg.is. Ráðuneytið leggur áherslu á jafnrétti og hvetur öll áhugasöm til að sækja um störfín. Ráðuneytið er jákvætt fyrir störfum án staðsetningar.

Stjórnarráð Íslands
Háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunarráðuneytið